

Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd

Sent í umsagnargátt Alþingis og á netfangið: [umsagnir@althingi.is](mailto:umsagnir@althingi.is)

Reykjavík, 22. mars 2024

**Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2017 (afnám skerðingar ellilífeyris vegna atvinnutekna), 93. mál.**

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, þann 11. mars s.l., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent til umsagnar ofangreint mál sem kveður á um afnám tekjutenginga á ellilífeyri almannatrygginga vegna atvinnutekna.

Gagnrýnisraddir hafa lengi verið háværar á tekjutengingar almannatrygginga en þær hafa ekki einskorðast við atvinnutekjur. Þess má vænta að afnám tekjutenginga vegna atvinnutekna kæmi til með að nýtast þeim sem enn hafa starfsorku eftir að vera komnir á eftirlaunaaldur en brýnt er að líta til breiðari hóps.

Eldri borgarar eru fjarri því að vera einsleitur hópur og væri eðlilegt að meta hvort afnám allra tekjutenginga vegna atvinnutekna sé forsvaranleg aðgerð ein og sér í ljósi þess að stór hópur eftirlaunaþega hefur ekki starfsorku til að afla sér tekna eða hefur kosið að leggja fyrir í sparnað s.s. með greiðslum í lífeyrissjóð og kjósa að nýta hann sér til framfærslu á efri árum.


LL vilja því leggja áherslu á að ekki er síður þörf á að meta samspil á greiðslum almannatrygginga við greiðslur frá lífeyrissjóðum. Lífeyrisgreiðslur frá lífeyrissjóðum hafa myndast með vinnuframlagi sjóðfélaga og eru í eðli sínu frestun atvinnutekna.

Með vísan í ofangreint er lögð áhersla á að metin verði samhliða staða þeirra sem ekki hafa kost á að afla sér aukinna tekna með atvinnutekjum á efri árum en hafa lagt fyrir á lífsleiðinni í lífeyrissjóð. Þessi hópur verður fyrir gríðarlega skörpum tekjutengingum almannatrygginga enda ekkert sérstakt frítekjumark á greiðslur frá lífeyrissjóðum. Þar er aðeins hið almenna frítekjumark sem er kr. 25.000 en það hefur setið eftir óbreytt að krónutölu í áraraðir og því verulega rýrnað að verðgildi.

Það er afar mikilvægt að þeir sem eru komnir á lífeyristökualdur hafi fjárhaglegan hag af því að afla sér tekna með atvinnu en það er ekki síður mikilvægt að lífeyrisþegar sjái hag sinn í að hafa lagt fyrir í lífeyrissjóð.

LL leggja því áherslu á að frítekjumörk og almennar tekjutengingar verði metnar heildstætt fyrir fólk sem komið er á eftirlaunaaldur því ella er hætt við miklum ójöfnuði eftir því hvernig tekna er aflað.

Virðingarfyllt,  
f.h. Landssamtaka lífeykissjóða



Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri